



Fréttabréf FFA - maí 2025

Úr starfinu:

Hreyfiverkefnið [Komdu út og á fjöll](#) hefur verið auglýst og fylltist fljótt, biðlisti er kominn í það.

FFA er komið í samstarf um gönguverkefni fyrir þá sem hafa greinst með krabbamein og aðstandendur. Meira um það er hægt að sjá á [heimasíðu FFA](#) og á heimasíðu [Krabbameinsfélags Akureyrar](#). Til að byrja með verða þetta þrjár göngur. Fararstjóri er frá FFA og er það Þuríður Helga Kristjánsdóttir. Skráning fer fram hjá kaon@krabb.is. Það er þátttakendum að kostnaðarlausu.

Mjög góð mæting var á Stóra plockkdegnum hjá FFA. Plokkað við í Krossanesborgum.

Fyrsta gönguferðin hjá FFA var fyrirhuguð 26. apríl þar sem fara átti í Mývatnssveitina. Því miður voru aðstæður á þessari leið þannig að ekki var forsvaranlegt að sögn yfirlandvarðar á svæðinu að fara þessa leið með hóp, auk þess stóð til að loka hluta leiðarinnar í einhverjar vikur vegna aurbleytu.

En áfram verður haldið og ferð að Hegranesvita í Skagafiðri verður 10. maí, lagt af stað frá FFA kl. 9 á einkabílum. Hægt er að sjá meira um ferðina [á þessum tengli](#).

Í maí verða gönguferðir um hverja helgi og vonandi verða veður og færð til friðs og þátttaka góð. Það þarf að skrá sig í allar ferðir hjá FFA og er það gert á heimasíðunni ffa.is

[Sjá nánar um ferðirnar 2025 - eða hér](#)



Árbók FÍ og tímarit FFA Ferðir er komið í hús og geta félagsmenn sem greitt hafa árgjaldið fyrir 2025 sótt bækurnar á skrifstofu FFA frá kl. 9 -17 mánudaga til fimmtudaga og kl. 9 -16 á föstudögum í maí og júní.

Undirbúningur opnunar skála FFA fer af stað í júní. Aðstoð sjálfboðaliða í skálunum yfir sumartímann er alltaf vel þegin. Ef þið hafið áhuga hafið þá samband í tölvupósti á ffa@ffa.is.